

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 135 2. október 1961.

Stafliðir A., B., C. og D. 1—3 í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á 380 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 105 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 580 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 18 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetragjaldið með 3·5.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjaldið skv. 1. og 2. tölu-lið við kilovoltamperstundir í stað kilowattstunda.

### B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli á 82 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 70 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

### C. Vélanotkun.

1. Um kwh-mæli á 200 aura hverja kwh.
2. Um mæli þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw.  
Aflgjald skv. kwh-mæli á kr. 800 hvert árskw.  
Auk þess skal greitt orkugjald skv. kwh-mæli á 30 aura hver kwh.  
Minnsta aflgjald er kr. 4000.00 á ári.  
Verði raunstuðullinn lægri en 0,8, er heimilt að miða aflgjaldið við 80% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkun.

### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 32 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
3. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn frá kl. 9 til kl. 21. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímabilinu frá kl. 12.30 til kl. 15.30.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. janúar 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*